

Starfsreglur endurskoðunarnefndar Kviku banka hf.

Samþykkt 24.06.2021 / Ábyrgðaraðili: Formaður endurskoðunarnefndar

1 Markmið

- 1.1 Endurskoðunarnefnd Kviku banka hf. (hér eftir nefndur „bankinn“ eða „Kvika“) er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans, m.a. við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga bankans og óhæði endurskoðunar bankans. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits, störfum innri og ytri endurskoðunar, auk þess að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtæki.
- 1.2 Endurskoðunarnefnd Kviku. gegnir hlutverki endurskoðunarnefndar samstæðunnar og móðurfélags bankans (hér eftir „endurskoðunarnefndin“). Kvika banki hf. hefur sett fram eigandastefnur fyrir þau dótturfélög sem teljast mikilvægur þáttur í rekstri samstæðunnar („eigandastefnurnar“) í því skyni að samræma og tryggja fagleg vinnubrögð innan samstæðunnar, svo fyrirtækjamenning sé samræmd og að tryggja að þeim reglum og stefnum Kviku sem settar eru á samstæðugrundvelli sé fylgt og þær innleiddar hjá dótturfélagunum. Stjórnir dótturfélaga skulu skipa endurskoðunarnefnd og skal sú nefnd setja sér starfsreglur sem endurspeglar starfsreglur endurskoðunarnefndar Kviku banka hf.
- 1.3 Markmið endurskoðunarnefndar er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Þar ber helst að nefna lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um endurskoðun og endurskoðendur nr. 94/2019, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum („reglugerðin“), leiðbeiningar um góða stjórnarhætti gefnar út af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland og viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti.
- 1.4 Með endurskoðendum eða ytri endurskoðendum í reglum þessum er átt við endurskoðunarfyrtæki sem annast endurskoðun samstæðu og móðurfélags bankans.
- 1.5 Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn í samræmi við IX. kafla A laga um ársreikninga.
- 1.6 Nánar er kveðið um hlutverk og verkefni nefndarinnar í 7. gr. þessara reglna.

2 Nefndarmenn

- 2.1 Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar.
- 2.2 Endurskoðunarnefnd skal skipuð árlega, á fyrsta reglulega stjórnarfundum eftir aðalfund félagsins, þó eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.
- 2.3 Endurskoðunarnefnd skal skipuð að minnsta kosti þremur aðilum sem skulu allir vera óháðir endurskoðenda eða endurskoðendum bankans. Meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Stjórnarmenn félagsins, sem teljast óháðir í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, teljast jafnframt óháðir nefndarmenn í framangreindum skilningi. Auk þess sem að framan greinir skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður stórum hluthöfum bankans. Formaður nefndarinnar skal vera óháður öllum framangreindum aðilum.
- 2.4 Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.
- 2.5 Forstjóri bankans og aðrir starfsmenn hans skulu ekki eiga sæti í endurskoðunarnefnd.
- 2.6 Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni bankans og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn

3 Heimildir og aðgengi að gögnum

- 3.1 Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt verklagsreglum þessum. Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og þeim starfsmönnum bankans sem hafa fengið það hlutverk að aðstoða endurskoðunarnefnd í verkefnum hennar, ytri endurskoðendum, og innri endurskoðanda í því skyni að fá upplýsingar um verklag og verkferla eða aðrar upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna.
- 3.2 Endurskoðunarnefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt þessar skyldur.
- 3.3 Starfsmenn félagsins skulu hafa óheftan aðgang að endurskoðunarnefnd.
- 3.4 Formaður endurskoðunarnefndar skal sækja fundi fulltrúa Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda, sem haldnir eru við upphaf og lok endurskoðunar bankans, sé þess óskað. Formanni nefndarinnar er jafnframt heimilt að óska eftir því að koma fyrir áðurgreinda fundi vilji hann koma upplýsingum á framfæri.

4 Ábyrgð

- 4.1 Endurskoðunarnefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar bankans, stjórnenda og ytri og innri endurskoðenda hans í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti.
- 4.2 Nefndin skal jafnframt aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili og inna af hendi störf samkvæmt 7. gr. þessara reglna.
- 4.3 Til að fullnægja hlutverki sínu skal nefndin meðal annars meta skilvirkni nefndarinnar og yfirfara starfsreglur nefndarinnar eftir því sem þörf krefur, þó að lágmarki árlega.

5 Fundir og starfshættir

- 5.1 Formaður endurskoðunarnefndar skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Í upphafi hvers starfsárs gerir endurskoðunarnefnd áætlun um verkefni ársins, nefndarfundi, fundi með endurskoðendum, stjórn og fundi með starfsmönnum bankans. Jafnframt gerir nefndin áætlun um fundarefni.
- 5.2 Til að fundur sé ályktunarbær þurfa að minnsta kosti tveir nefndarmenn að sitja fundinn. Meirihluta atkvæða þarf til að samþykkja tillögur. Falli atkvæði jöfn á fundi nefndarinnar fer formaður hennar með oddaatkvæði.
- 5.3 Nefndin skal skipa ritara til ritunar fundargerða.
- 5.4 Formaður nefndarinnar skal í samvinnu við ritara nefndar undirbúa dagskrá funda sem ásamt fundargögnum skulu vera aðgengileg nefndarmönnum á vefsvæði nefndarinnar 72 klukkustundum fyrir fundi.
- 5.5 Samþykkt fundargerð skal vera undirrituð af nefndarmönnum sem sátu fund ásamt ritara. Heimilt er að undirrita fundargerð rafrænt í gegnum Signet með rafrænum skilríkjum. Hafi nefndarmaður ekki setið fund skal hann staðfesta með undirskrift sinni á fundargerð að hafa kynnt sér efni hennar. Nefndin skal halda fundargerðarbók. Stjórn og forstjóri bankans hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar.
- 5.6 Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur félagsins, innri endurskoðandi eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar.

- 5.7 Störf nefndar fara almennt fram á fundum hennar. Heimilt er að halda símafundi og heimilt er fyrir einstaka nefndarmenn að vera viðstaddir í gegnum síma eða annan fjarfundabúnað. Jafnframt er heimilt að afgreiða erindi milli funda þannig að það sé kynnt nefndarmönnum skriflega, þ.e. með tölvupósti, og atkvæðagreiðsla meðal nefndarmanna haldin skriflega. Ákvarðanir sem þannig eru teknar skulu bókaðar í fundargerð næsta fundar.
- 5.8 Að lágmarki árlega skal nefndin hitta innri endurskoðanda og ytri endurskoðendur án þess að stjórnendur séu viðstaddir. Nefndin skal almennt hafa óheftan aðgang að innri og ytri endurskoðendum.

6 Samskipti við stjórn

- 6.1 Endurskoðunarnefnd skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um störf sín til stjórnar bankans. Í skýrslu til stjórnar skulu koma fram upplýsingar um samskipti nefndarinnar við stjórn, ytri endurskoðendur og starfsmenn bankans. Þá skal gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með vinnuferli við gerð reikningaskila, virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu. Einnig skal gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með endurskoðun ársreiknings bankans og mati á óhæði endurskoðenda.
- 6.2 Endurskoðunarnefnd ber að framkvæma árangursmat á störfum nefndarinnar, einstakra nefndarmanna og samsetningu nefndarinnar eigi sjaldnar en árlega og upplýsa stjórn um niðurstöður matsins.

7 Verkefni

- 7.1 Endurskoðunarnefnd skal leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga bankans og óhæði endurskoðenda hans. Nefndin skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðanda og ytri endurskoðendum.
- 7.2 Í samræmi við 108. gr. b. laga um ársreikninga og reglugerðina¹ skal endurskoðunarnefnd m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:
- 7.2.1 **Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila**
- a) Endurskoðunarnefnd skal fara yfir reikningsskil og helstu álitaefni í reikningsskilum með viðeigandi stjórnendum bankans við gerð ársreiknings og árshlutareikninga áður en stjórn samþykkir reikningana. Nefndin skal leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp milli stjórnenda og endurskoðenda við reikningsskilagerðina.
- 7.2.2 **Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og öðrum eftirlitsgerðum**
- a) Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að félagið hafi innleitt viðeigandi innra eftirlit sem tekur á áhættum í starfsemi og að þessir innri eftirlitsþættir virki á áhrifaríkan hátt. Nefndin yfirfer með stjórnendum, innri endurskoðanda og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring og aðrar eftirlitsaðgerðir sé nægjanleg hverju sinni,
- b) Nefndin tryggir að innri endurskoðun hafi hæfilegt umfang til að sinna innri endurskoðuninni vel. Hún fer yfir innri endurskoðunaráætlun, niðurstöður innri endurskoðunar ársins og viðbrögð stjórnenda við þeim. Nefndin tryggir enn fremur að ekki séu til staðar takmarkanir sem hamla störfum innri endurskoðenda. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp varðandi innri endurskoðun.

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, sbr. grein 1.2.

- c) Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem koma til hennar vitundar, þar sem grunur er um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða þar sem innra eftirlit hefur brugðist.
- 7.2.3 Eftirlit með endurskoðun ársreiknings, samstæðureiknings og annarra fjárhagsupplýsinga félagsins**
- a) Endurskoðunarnefnd skal hitta ytri endurskoðendur bankans áður en endurskoðun hefst og fara yfir umfang endurskoðunarinnar og endurskoðunaráætlun og gera grein fyrir skyldu endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækis til að gera nefndinni grein fyrir störfum sínum og skila henni skýrslu um mikilvæg atriði.
- b) Endurskoðunarnefnd skal hitta ytri endurskoðendur bankans í lok endurskoðunar og fara yfir skriflega skýrslu hans, þar sem ytri endurskoðendur gerir grein fyrir störfum sínum og óhæði sem og mikilvægum atriðum sem fram hafa komið við endurskoðun ársins. Nefndin skal yfirfara skýrslu ytri endurskoðenda og ganga úr skugga um að hún innihaldi að lágmarki þau atriði sem tilgreind eru í reglugerðinni.
- c) Endurskoðunarnefnd fer yfir hvort ákvæðum laga um endurskoðun og endurskoðendur sé fylgt að því er kemur að innihaldi áritunar endurskoðenda.
- d) Endurskoðunarnefnd fundar með ytri endum án stjórnenda að lágmarki einu sinni á ári í samræmi við ákvæði í Alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Í starfsáætlun er við það miðað að sá fundur fari fram í upphafi fundar með endurskoðendum bankans í lok endurskoðunar og farið sé þá m.a. yfir samvinnu og álitafni ef við á sem hafa komið upp við endurskoðun.
- e) Endurskoðunarnefnd getur fundað einslega með innri endurskoðanda eða stjórnendum ef nefndin telur þörf á því.
- 7.2.4 Mat á óhæði endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda**
- a) Endurskoðunarnefnd skal leggja mat á óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis.
- b) Endurskoðunarnefnd skal árlega taka á móti skriflegri staðfestingu endurskoðenda á að ákvæðum laga um endurskoðun og endurskoðendur sé fylgt, þar sem meðal annars skal yfirfarin yfirlýsing endurskoðenda um að hann sé óháður bankanum, bæði í reynd og ásýnd og yfirfarið hvaða atriði endurskoðendur tóku til skoðunar við mat sitt á óhæði.
- c) Endurskoðunarnefnd skal ræða við endurskoðendur um hugsanlegar ógnanir við óhæði þeirra og þær varúðarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkum ógnunum.
- d) Endurskoðunarnefnd skal tryggja að ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar² sé fylgt er varðar þóknun endurskoðenda, bæði vegna endurskoðunarinnar sem og annarrar þjónustu.
- Þóknunir fyrir þjónustu vegna lögboðinnar endurskoðunar á samstæðu bankans mega ekki vera skilyrtar þóknunir.
 - Ef endurskoðunarfyrtæki samstæðunnar veitir samstæðunni, móðurfélagi hennar eða undirfyrtækjum þjónustu utan endurskoðunar á tímabili sem nær yfir þrjú samfelld fjárhagsár eða meira skulu heildarþóknunir fyrir þjónustu utan endurskoðunar, aðra en þá sem um getur í 1. mgr. 5. gr. í reglugerðarinnar³, takmarkast við allt að 70% af meðaltali greiddra þóknana á síðustu þremur samfelldu fjárhagsárum vegna lögboðinnar endurskoðunar endurskoðuðu einingarinnar og, ef við á, móðurfélags hennar, undirfyrtækja og samstæðureikningsskila samstæðunnar.
 - Ef heildarþóknunir til endurskoðenda frá samstæðunni nema á hverju ári undanfarandi þrjú ár nema meira en 15% af heildarþóknunum

² Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, sbr. grein 1.2.

³ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, sbr. grein 1.2.

endurskoðunarfyrirtækis samstæðunnar upplýsa endurskoðunarnefndina, fyrir hvert og eitt þessara fjárhagsára, um þessa staðreynd og ræða við endurskoðunarnefndina um ógnanir við óhæði og verndarráðstafanir sem beitt er til að draga úr þessum ógnunum. Endurskoðunarnefndin skal taka til athugunar hvort endurskoðunarverkefnið ætti að sæta gæðarýni sem framkvæmd er af öðrum löggiltum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtæki áður en áritun endurskoðenda er gefin út. Ef þóknanir frá samstæðunni halda áfram að fara yfir 15% heildarþóknana, sem umræddur löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki eða endurskoðendur samstæðu, ef svo ber til, sem annast lögboðnu endurskoðunina, móttekur, skal endurskoðunarnefndin ákveða á hlutlægum grundvelli hvort endurskoðunarfyrirtæki samstæðu, sem annast endurskoðun einingasamstæðunnar, er heimilt að halda áfram að annast lögboðna endurskoðun um viðbótartímabil sem skal aldrei fara yfir tvö ár.

- e) Endurskoðunarnefnd skal tryggja að ákvæðum 5. gr. reglugerðarinnar⁴ sé fylgt er varðar óheimila þjónustu endurskoðenda að teknu tilliti til 44. gr. laga um endurskoðun og endurskoðendur um þá þjónustu sem leyfð hefur verið á Íslandi.
- i. Berist endurskoðunarfyrirtæki beiðni um aðra þjónustu innan samstæðunnar skal ekki samþykkja slíkt aukaverk og hefja vinnu við það nema með samþykki endurskoðunarnefndar. Endurskoðunarnefnd setur sér verklagsreglur um ferli og samskipti við dótturfélög vegna þessa verkefnis.
 - ii. Endurskoðunarfyrirtæki skal senda endurskoðunarnefnd skriflega beiðni um samþykki fyrir því að veita aðra þjónustu sem skal bera með sér a) upplýsingar um eðli og áætlað umfang þjónustunnar; b) rökstuðning fyrir eigin mati endurskoðenda á að sú þjónusta sem beiðin er um raski ekki óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækisins sem endurskoðenda félagsins.
 - iii. Endurskoðunarnefnd skal afgreiða svo fljótt sem unnt er beiðni frá endurskoðunarfyrirtæki um samþykki fyrir annarri þjónustu og skal afstaða endurskoðunarnefndar bókuð með rökstuðningi fyrir samþykki eða höfnun.
 - iv. Við afgreiðslu beiðna um aðra þjónustu skal endurskoðunarnefndir huga að ákvæði reglugerðarinnar og reglna þessara um umfang þóknana og óhæði endurskoðunarfyrirtækis.
 - v. Endurskoðunarnefnd er heimilt að samþykkja fyrirfram ákveðin heimil aukaverk ef ljóst er að aukaverkin hafi ekki áhrif á óhæði endurskoðenda. Endurskoðunarnefnd skal setja ramma um slík fyrirfram ákveðin aukaverk sem hluti af ferli um aukaverk.

7.2.5 Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtæki

- a) Endurskoðunarnefnd skal setja fram tillögu til stjórnar með rökstuðningi um val á endurskoðunarfyrirtæki.
- b) Endurskoðunarnefnd fer yfir að ákvæðum 17. gr. reglugerðarinnar sé fylgt varðandi tímalengd endurskoðunarverkefnis, þar sem meðal annars kemur fram að samningur um endurskoðun skal að hámarki vera til 10 ára
- c) Nema um sé að ræða endurnýjun á endurskoðunarverkefni þ.a. ráðningatími endurskoðanda verði samtals ekki meira en 10 ár skal tillaga endurskoðunarnefndar unnin í kjölfar valferlis í samræmi við 16. gr. reglugerðarinnar og skal nefndin bera ábyrgð á valferlinu.
- d) Við valferlið má bjóða öllum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum að leggja fram tilboð en ekki má útiloka á neinn hátt þátttöku þeirra endurskoðunarfyrirtækja í valferlinu sem fengu innan við 15% heildarendurskoðunarþóknana frá einingum sem

⁴ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, sbr. grein 1.2.

tengjast almannahagsmunum á næstliðnu almanaksári. Útboðsgögn skulu vera skýr, lýsa starfsemi og skulu valforsendur vera gagnsæjar og án mismununar. Bankinn skal vinna skýrslu um niðurstöður valferlisins og skal endurskoðunarnefnd staðfesta hana og skal gæta að allri skjölun og meðhöndlun gagna í valferlinu til að tryggja að hægt sé að sýna fram á að valferlið hafi farið fram með réttmætum hætti.

- e) Nema um sé að ræða endurnýjun á endurskoðunarverkefni þ.a. samtals árafjöldi sé ekki meira en 10 ár skal tillaga endurskoðunarnefndar vera rökstudd og innihalda a.m.k. tvo kosti og skal fyrsta val endurskoðunarnefndar koma fram í tillögunni.
- f) Ef stjórn leggur til við hluthafafund kjör á endurskoðunarfyrtæki sem er ekki í samræmi við fyrsta val í tillögu endurskoðunarnefndar skal nefndin fylgja því eftir að stjórn hafi fært rök fyrir vali sínu.

7.2.6 Önnur verkefni nefndar

- a) Endurskoðunarnefnd skal, í samráði við stjórn bankans, meta þörf á og gera tillögu um innri endurskoðanda.

8 Takmarkanir á hlutverki og ábyrgð

- 8.1 Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreikninga. Stjórn og forstjóri bankans bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings bankans.

9 Annað

- 9.1 Endurskoðunarnefnd leggur til við stjórn viðeigandi breytingar á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.
- 9.2 Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða bankann.

Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. þann 24. júní 2021